

### Til sölu

Skíðaskór  
nr. 40 og  
skautar  
nr 36 og 39

Hera  
S:486-6604  
867-7404



### Hár-Hrun

Verðum í Félagsheimili Hrunamanna  
föstudagana 28. jan 11. og 25. febr.  
**Einnig hjónaballshelgina 4. og 5. mars**  
Pantið tímanlega.

Tímabantanir í síma:  
486-6001 Sigrún og 486-5535 Inga Birna.  
Einnig á hársnyrtidegi **893-6084** og **899-9665**.  
Hárgreiðslustofan í Árnesi er opin á  
mánudögum og þriðjudögum. s: 486-6084

### Tamning— þjálfun.

Tek hross í tamningu  
og þjálfun í vetur,  
er með aðstöðu í  
Syðra—Langholti.

Úlfar Guðbrandsson  
Upplýsingar í síma  
662-0147

**Samkaup** strax

### Opnunartími

Mánudaga-föstudaga 9:00-19:00  
Laugardaga 10:00-19:00  
Sunnudaga 12:00-17:00

Athugið breyttan opnunartíma á sunnudögum  
Verið velkomin  
Starfsfólk Samkaup Strax



**Hraðbankinn**  
er opinn allan sólarhringinn.

**Afgreiðslutími á Flúðum:**  
mánudaga til föstudaga: 11:15-16:00  
Breittur viðtalstími bankastjóra á  
miðvikudögum 13:30-15:45

**Athugið!!!!**  
Breytt símanúmer. **480-4700.**

# Pési

179. tbl. 15. árgangur  
**Janúar 2005**  
Ritstjóri: Ísólfr Gylfi Pálmason

Útgefandi: Hrunamannahreppur  
Netfang: pesi@fludir.is  
Sími: 480 6600

[www.hrunamannahreppur.is](http://www.hrunamannahreppur.is)

### Hrunamönnum fjölgar

Þau gleðilegu tíðindi bárust í lok ársins að íbúum í Hrunamannahreppi er að fjölga á nýjan leik. Þannig erum við nú 754 og er fjölgunin 3.2% á ársgrundvelli. Skýringar eru af ýmsum toga. Garðyrkjumenn þakka þetta aukinni neyslu heilnæmrar framleiðsluvöru frá Flúðum. Jón Hermannsson sem framleiðir Flúðaegg þakkar framleiðsluvöru sinni árangurinn, lamba- og nautakjötsframleiðendur telja sig eiga stóran þátt í fjölguninni. Hver sem ástæðan er er þetta jákvæð þróun.



### Efnisyfirlit

Frá Sveitarstjóra  
Erindi  
Tilkynningar  
Auglýsingar  
Hjónaball

**Næsti Pési kemur út:**  
11. febrúar  
**Skilafrestur á efni:**  
8. febrúar

### Hjónaball!!!

Nú fer að verða tímabært að  
athuga hvort ekki þurfi að  
þrengja hjónaballsfatnaðinn,  
því hjónaballið er fyrirhugað  
**þann 5. mars næstkomandi.**



Kveðja  
Nefndin

**Nýtt ár – nýir möguleikar**

Ég óska íbúum Hrunamannahrepps og öðrum lesendum Pésans okkar gleðilegs árs með þakklæti fyrir liðið ár. Á ári hverju á sér stað ákveðin þróun og spurningin er alltaf sú hvort við erum þátttakendur í þróuninni eða hvort við stöndum í stað. Víst er að kyrrstaða leiðir alltaf til hnignunar. Víst er að við tökum enn þátt í framþróun samfélagsins á ýmsan hátt. Fólksfjölgun á sér stað í hreppnum, breytingar eru að eiga sér stað í landbúnaði sem við erum virkir þátttakendur í bæði hvað varðar mjólkurframleiðslu og garðyrkju. Enn standa ylræktarbændur á tímamótum því enn er ekki útséð um taxta til raflýsingar og er öll óvissa í þessum efnum óviðunandi. Því vissulega er ylrækt hér okkar græna stóriðja. Óhætt er að segja að miklar breytingar eigi sér stað á öllum sviðum mannlífsins. Ísland er ekki lengur einangruð eyja út í Atlandshafi heldur erum við sífellt að sækja í okkur veðrið á alþjóða vettvangi þrátt fyrir smæð okkar. Nýjar atvinnugreinar hafa verið að ryðja sér til rúms og festa rætur þar má t.d. nefna ferðaþjónustuna sem er vaxandi atvinnugrein hér í hreppnum sem á landsvísu. Ferðaþjónustunni fylgja ýmsar hliðaratvinnugreinar s.s. eins og hverskonar listsköpun, minjagripagerð o.þ.h. Afþreying er einn af stóru þáttum ferðaþjónustunnar og í gegnum hana eigum við mikla möguleika hér í hreppnum og á Suðurlandi. Matvælaframleiðslan er og verður grunnur atvinnurekstrar hér. Hvort heldur er um hefðbundinn landbúnað að ræða eða ylrækt, garðyrkju. Þá þykir mörgum merkilegt að hér sé hægt að reka fyrirtæki eins og Flúðafisk sem þurrkar hausa- og hryggstykki og selur til Nígeríu. Segja má að allir þessir þættir skapi ákveðna keðju og hver hlekkur skiptir miklu máli í samfélaginu sem leiðir til atvinnu og fjölbreytilegrar þjónustu. Það er von mín að nýja árið verði okkur gott og gjöfult.

Ísólfur Gylfi Pálmason,  
sveitarstjóri.

**H 4. Heimæðagjöld**

Heimæðagjöld skiptist eftir málstærð heimtaugar

<b>Heimæðagjöld - Almenn</b>	kr	14%vsk
Málstærð DN 20 mm	112.597	128.361
Málstærð DN 25 mm	135.675	154.670
Málstærð DN 32 mm	203.747	232.272
Málstærð DN 40 mm	406.769	463.717
Málstærð DN 50 mm	675.471	770.037

Heimæðagjöld fyrir stærri inntök en 50 mm skal reikna sérstaklega

Gjald fyrir hvern lengdarmetra í heimæð, umfram 50 m er 1% af heimæðagjaldi Heimæðargjöld á svæðum þar sem ekki er hitaveita fyrir skal reikna sérstaklega.

<b>Heimæðagjöld - Sumarhús</b>	kr	14%vsk
20 mm	299.810	341.783
25 mm	516.402	588.698

Heimæðagjöld fyrir lengri heimæðar en 50 m skal reikna sérstaklega Heimæðargjöld á svæðum þar sem ekki er hitaveita fyrir skal reikna sérstaklega.

**3. Önnur gjöld og ákvaði**

Gjald fyrir aukaálestur hjá notenda.....	1.170 kr
Séðilgjald.....	245 kr
Lokunargjald .....	2.340 kr

Við stækkun húsnæðis í garðyrkju ( byggt 2004 og eldra ) sem fylgdi eldri gjaldskrá, greiðist ..... 109 kr fyrir hvern m<sup>3</sup> .  
Þeir sem taka vatn gegnum gróðurhús til upphitunnar á pökkunnar og geymsluhúsnæði, skulu greiða fast gjald sem hér segir :  
Fyrir hvern m<sup>3</sup> húsnæðis á mánuði ..... 15 kr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af hreppsnefnd Hrunamannahrepps, er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967, með síðari breytingum, til að öðlast gildi 1. janúar 2005 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 510, 4. júní 2004.

Íðnaðarráðuneytinu, 29. nóvember 2004.

Valgerður Sverrisdóttir

## Verðskrá Hitaveitu Flúða

### 1. Almenn

Verðskrá þessi gildir fyrir veitusvæði Hitaveitu Flúða

Virðisaukaskattur bætist við öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari miðað við gildandi reglur um virðisaukaskatt á hverjum tíma.

Virðisaukaskattur á heitu vatni til húshitunar og sundlaugar er 14 % en 24,5% til annarra nota.

### 2. Varmaorka

Fast gjald er háð afköstum rennismælis en óháð töxtum að öðru leyti.

Fast gjald á mæli	kr/dag	14%vsk
Mælastærð DN 15	23	25,91
Mælastærð DN 20	31	35,33
Mælastærð DN 25	37	42,39
Mælastærð DN 32	46	53,00
Mælastærð DN 40	52	58,88
Mælastærð DN 50	93	105,99

Fasta gjaldinu er dreift niður á tímabil reikninga.

### 2.2 Rúmmetragjald

Varmaorka er afhent í forni heits vatns sem selt er samkvæmt rúmmetra mælingu. Ekki er veittur afsláttur vegna takmörkunar á afhendingu varmaorku og / eða lækun á hita vatnsins.

### H 1. Almenn heitavatnsnotkun

Taxtinn gildir fyrir upphitun, almenna heimilisnotkun og snjóbræðslu

Sala um mæli	kr/m <sup>3</sup>	14%vsk
Rúmmetragjald skv mælingu	49,19	56,08

### H 2.

Taxtinn gildir fyrir iðnaðarfyrirtæki og landbúnað

Atvinnufyrirtæki til framl.	36,90	42,06
-----------------------------	-------	-------

### H 3.

Taxtinn gildir fyrir gróðurhús sem framleiða garðyrkjuafurðir

Garðyrkja	13,43	15,31
-----------	-------	-------

## Fréttir frá hreppsskrifstofu

### Hádtíðlegt um jól og áramót.

Það var hátíðlegt um jól og áramót hér í hreppnum. Vel var látið af jólaguðþjónustum og helgihaldi. Litlu jólin tókust vel í skóla og leikskóla. Sérlega var vel látið af jólatrésskemmtun kvenfélagsins sem haldin var í Félagsheimili Hrunamanna 29. desember. Hlaðborðið svignaði undan gómsætu jólabakkelsi sem gestirnir komu með. Þátttakendur voru á öllum aldri og gaman til þess að vita að börn og unglingar geti skemmt sér saman allt frá leikskólaaldri og uppí verðandi úrskriftarnema 10. bekkina í Flúðaskóla. Stekkjastaur kom með sprellum lamb sem virtist eins og aðrir kunna vel við sig á samkomunni. Hvar værum við ef við hefðum ekki gott og kraftmikið kvenfélag? Tómas Þórir, Hörður Úlfarsson, Jóhann Marelsson og Björgunarfélagið tendruðu síðan mikið bál á laugardaginn var og brenndu út jólin. Á fáum stöðum á landinu eru myndarlegri bálkestir en hér – þetta er skemmtileg hefð og vel undirbúin.

### Skipulagsvinna á lokastigi

Tillögu að aðalskipulagi Hrunamannahrepps til ársins 2015 hefur verið send Skipulagsstofnun til auglýsingar. Þegar Skipulagsstofnun hefur yfirfarið tillögurnar verða þær settar í auglýsingu og þá hafa íbúar sex vikna frest til þess að gera athugasemdir við tillögurnar. Vakin verður sérstök athygli á því þegar tillögurnar verða auglýstar en það verður væntanlega alveg á næstunni. Mikil vinna liggur að baki þessari skipulagsvinnu og vonandi tekst okkur vel til.

### Fyrsta barnið í Hrunamannahreppi

Fyrst barnið í hreppnum fæddist 8 janúar s.l. Þetta er státtinn strákur 16 merkur og hugsanlega verðandi stórbóndi á Hrafnkelsstöðum. Foreldrar eru Eva Marín Hlynsdóttir og Sveinn Hannes Sveinsson og heilsast mæðgininum vel. Við óskum foreldrum, systur og frændgarði hjartanlega til hamingju með barnið.

### **Heilsuáttak á nýju ári!**

Nýju ári fylgir uppgjör á ýmsum sviðum. Aðstaðan í íþróttahúsinu okkar er góð og bíður eftir því að fleiri noti hana. Um leið og við getum verið ánægð yfir góðri aðstöðu til íþróttaiðkunar hér er í raun afar dýrt að bjóða uppá alla þá þjónustu sem við gerum. Beinir tekjur af íþróttahúsinu eru minni en tekjur sem við höfum af Helgaskála sem leigður er út tvo mánuði á ári. ‘Obeinu tekjurnar eru hins vegar ómetanlegar út frá uppeldissjónarmiðum og einnig með tilliti til frábærs árangurs margra ungmenna sem stunda hér íþróttir. Nú er um að gera fyrir íbúa Hrunamannahrepps að nýta sér þjónustu sveitarfélagsins og kaupa kort í líkamsrækt eða sundi því við erum í raun að greiða fyrir þessa þjónustu hvort sem við nýtum hana eða ekki. Þess vegna er um að gera að nýta sér þessar heilsulindir það hefur mikið forvarnargildi og gefur okkur aukna starfsorku.

### **Brotist inn á heimasíðu okkar.**

Nútíminn birtist okkur í ýmsum myndum. Við höfum verið að uppfæra heimasíðuna okkar með dyggri aðstoð Elínar Jónu Traustadóttur í Tungufelli. Um það leiti sem við vorum að verða nokkuð ánægð með síðuna gerðist það að einhverjir óprúttir tölvuþrjótar út í heimi brutust inn á hana og nú er netfangið [www.fludir.is](http://www.fludir.is) óvirkt af þeim sökum – hins vegar er hægt að komast inná síðuna gegnum [hrunamannahreppur.is](http://hrunamannahreppur.is) eða [www1.fludir.is](http://www1.fludir.is) Ljóst er að fyrra netfangið verður óvirkt fram eftir árinu.

### **Lifandi leikskóli!**

Börnum er aftur að fjölga á leikskólanum okkar en þar fer fram metnaðarfullt og gott starf. Stjórnendur leggja áherslu á að hér er í raun um fyrsta stig skólastarfsins að ræða og gott samstarf er á milli leikskólans og Flúðaskóla og er það vel. Ungviðið naut jólamánaðarins með margskonar hætti. Þau sáu leikritið Smiðju jólasveinanna en það var sýnt í Félagsheimilinu. Jólasveinarnir heimsóttu skólann á litlu jólum þann 17 desember og nú er snjórinn nýttur til hins ýtrasta.

### **Frá Félagi eldri Hrunamanna**

Miðvikudaginn 9. febrúar verður haldið okkar árlega þorablót á Hótel Flúðum. Húsið opnar kl. 19:00 og borðhaldið hefst kl 19:30. Hótelíð býður sömu góðu kjörin og jafnan áður. Að vanda verður dagskrá heimaþinginn. Allir sveitungar 60 ára og eldri velkomnir. Pantanir þurfa að berast ekki seinna en 4. febrúar til : Arndísar s:486-6654 eða Lofts s:486-6715. Mætum vel Kær kveðja. Stjórnin

### **Hvar er -hvar er-hvar er –hvar er úlpan mín**

Ég er búin að týna glænýju úlpunni minni, hún er svört-létt-vatteruð (svona hestaúlpa). Úlpan er merkt—það stendur Stína í fóðrinu á henni,- endilega athugið í fatahenginu hjá ykkur. Kæru vinir mínir. Ef þið finnið hana, þá endilega hafið samband við mig í síma 486-6510 e.kl.18:00 á daginn. Með ósk um gleði og frið á nýju ári. K.Kristín Daníelsdóttir

Ég vil þakka Kiwanisklúbbnum Gullfossi og Kvenfélagi Hrunamannahrepps innilega fyrir peningagjöf til tölvukaupa. Sigmar Sigbórsson Högnastíg 15 A

Nýtt símanúmer á heimilissíma nr **486-6545** hefur verið tengt hjá undirrituðum Eiríkur Túnsbergi

### **Vetrardekk til sölu**

BF Goodrich 33”  
negld og sem ný  
Alli gsm 898-1591

## KÖRFUBOLTAFRÉTTIR.

Fyrmakeppni körfuknattleiksdeildarinnar var haldin 2. janúar s.l. Keppnin stóð yfir mestan hluta dagsins, minni bolti fyrir hádegi og afgangurinn eftir hádegi. Gaman hefði verið að sjá fleiri lið í minni boltanum en þar var þátttakan dræm. Eftir hádegi mættu 6 karla lið og 3 kvennalið og var mikil spennan í loftinu þegar leið að úrslitum.

Fólk lét ekki steikurnar, rjómaterturnar og smákökurnar, sem óneitanlega hafa áhrif á líkamlega getu, letja sig í að leggja sig fram um að vinna þessa mikilvægu keppni og svitinn lak í lítratali af keppendum.

Í minni bolta stráka sigraði **Simpson-fjölskyldan** fyrir **Gistiheimilið Syðra-Langholt**, en það voru þeir *Jón, Heimir, Héðinn og Björgvin* sem skipuðu það lið.

Í stelpna flokki voru það **Brussurnar** sem unnu fyrir **Fossraf**, en þar fóru *Sóley Margrét, Guðrún Edda, Katrín, Anna Kristín og systurnar Hafdís og Erla* með sigurinn.

Í kvenna flokki sigruðu **No name** dómurnar: *Aldís, Sunna, Ingibjörg, Sonja, Brynhildur og Dóra Björk*, þær kepptu fyrir **Högnastaðabúið**.

Í öðru sæti urðu **Stelpurnar**: *Halla, Hrund, Bente, Magga, Lára og Harpa* en þær kepptu fyrir **Hrepphólabúið**.

Og í þriðja sæti urðu **Villidýrin**: *Elma, Guðrún Margrét, Anna, Guðbjörg og Hildur Guðrún*, en þær kepptu fyrir **Gröfufækni**.

Í karla flokki unn **Bónó** kapparnir eftir harða viðureign við Hvítu riddarana. Bónó skipuðu: *Arni Þór, Jón Gunnar, Óli, Himmi og Haukur* og færðu **Skúla Pípara** bikar.

Annað sætið fengu þá **Hvítu riddararnir** með *Miklos í broddi fylkingar og þá Mate, Atla Örn og Hjálm* en þeir kepptu fyrir **Garðyrkustöðina Lauga**.

Í þriðja sæti urðu svo **Samtökin 78**: *Oddur, Svavar, Birgir og Jón Þorgeir*, en þeir kepptu fyrir **Félagsbúið Tungufelli**.

Fjölmörg fyrirtæki styrktu okkur, við látum það vera í þetta skiptið að telja þau öll upp, Þesinn er svo lítill, en þökkum þeim öllum kærlega fyrir að styrkja okkar starf í körfunni.

Gleðilegt ár og takk fyrir gamla.

Stjórnin.

### Frá íþróttahúsinu á Flúðum

Opnunartími í tækjasal:

Mánudaga - miðvikudaga	15:30-21:00
Fimmtudaga	13:00-21:00
Föstudaga	13:00-21:00
Laugardaga	LOKAÐ
Sunnudaga	14:00-21:00

## Nýi sparkvöllurinn tilbúinn!

Hinn nýi sparkvöllur með gervigrasi, flóðlýsingu, bræðslukerfi o.s.frv. er nú fullbúinn. Að vísu hefur formleg vígsla ekki afarið fram enn. Gert er ráð fyrir að forsvarsmenn KSI komið hingað til þess að vígja völlinn. Eyjólfur Sverrisson f.v. atvinnumaður í knattspyrnu er verkefnisstjóri þessa verkefnis. Nú síðast voru sett upp flóðljós þannig að hægt er að sparka bolta í svartasta skammdeginu, auk þess sem hægt verður að halda hér knattspyrnumót í sumar ef áhug er fyrir helgi. Öllum þeim sem lagt hafa hönd á plóginn er þökkuð vinna við völlinn. Margir lögðu á sig sjálfbóðaliðsvinnu, verktakar gáfu afslætti á vinnu sinni og nú er bara að nýta þessa aðstöðu sem best. Eigendur Fossraf gáfu lampana til flóðlýsingar. Öllum þessum aðilum er þökkuð aðstoð og áhugi við framgang verksins. Einhverjar raddir hafa heyrst um það að dregið hafi úr notkun ljósabekksins í sundlauginni eftir að flóðlýsingin var tekin í notkun og að á ákveðnum bæjum haldi menn að sumarið sé komið.

## Feðgar á framabraut!

Þeir stóðu sig vel feðgarnir frá Flúðum á meistaramóti TBR, Tennis og badmintondeildar Reykjavíkur á dögnum. Ættfaðirinn og íþróttaáhuga- maðurinn Reynir Guðmundsson varð í 5 – 8 sæti í einliðaleik. Sonur hans Daníel lenti í 3 – 4 sæti en Atli Þór stóð sig feðga best miðað við aldur. Hann keppti í B flokki fullorðinna þrátt fyrir ungan aldur, en stráksi er 12 ára gamall. Hann gerði sér lítið fyrir og sigraði alla andstæðinga sína sem er auðvitað frábær árangur og sannast máltækið sem alltaf hefur verið í miklu uppáhaldi hjá þeim sem þetta ritar “ margur er knár þótt hann sé smár”. Til hamingju feðgar!

## Efnilegir knattspyrnumenn!

Nú hafa tveir ungir knattspyrnumenn úr hreppnum verið kallaðir til æfinga hjá unglíngalandsliðinu í knattspyrnu svokölluðu U15 liði. Þessir efnilegu knattspyrnumenn eru Jón Þorgeir Aðalsteinsson frá Hrafnkelsstöðum og Kjartan Sigurðsson frá Birtingaholti. Er þessum ungu mönnum óskað til hamingju með framann og hvattir til dáða. Ýmsir höfðu spáð því að þessir drengir færu til Ítalíu að læra söng þar sem feður þeirra eru máttarstólpar í Karalakór Hreppamanna en hugsanlega verður lendingin sú að þeir fari þangað til þess að leika knattspyrnu þegar fram í sækir ef vel gengur í knattspyrnunni.

### **Starfsmat – starfslýsingar.**

Unnið hefur verið að nýju starfsmati og starfslýsingum fyrir starfsmenn Hrunamannahrepps. Þetta er gert í framhaldi af launasamningum sem samþykktir voru árið 2002. Nú hefur einnig verið gengið frá starfslýsingum í öllum stofnunum hreppsins nema Flúðaskóla en gert er ráð fyrir að þeirri vinnu ljúki sem allra fyrst. Á sama hátt hefur verið gengið frá þessum málum hjá öðrum sveitarfélögum í uppsveitum Arnessýslu og var haldinn sérstakur fundur um miðjan desember þar sem fulltrúar Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands og Skólaskrifstofu Suðurlands mættu ásamt fulltrúum sveitarfélaganna

### **2600 læður settar á!**

Það er handgangur í öskjunni um þessar mundir í minkabúinu í Ásgerði. Aldrei hafa fleiri læður verið settar á en einmitt núna eða alls um 2.600 stk. Meðalgot er um sex afkvæmi sem er með því allra besta sem gerist í minkabúum í landinu. Um 11.000 minkaskinn verða seld á uppboði á næstunni. Það er því ekki langt þangað til að finar frúr hér á landi og í útlöndum fari að spóka sig í pelsum sem uppruna sinn eiga í Ásgerði í Hrunamannahreppi. Einhver sagði að fegursta stuðlabergið kæmi einmitt frá Hrepphólum en ekki er verra að fegurstu pelsarnir komi af sama svæði.

### **Merkingar á Flúðum**

Innan tíðar verða endurnýjaðar merkingar gatna á Flúðum. Enn ein tilraunin verður gerð til þess að setja götumerkingar upp. Það er von og trú okkar að slíkar merkingar megi fá að vera í friði – því það er í raun óþolandi að slíkar merkingar séu rifnar niður. Hluti af því að aðkomufólk geti fundið götur og áttað sig á staðsetningu gatna, sumarhúsabyggða og stofnana er að geta merkt þær. Ef vel tekst til verður í framhaldi af þessu kappkostað að bæta enn frekar merkingar hér í hreppnum. Þá hafa einnig verið vangaveltur um það á hvern hátt er hægt að merkja sumarhús hér – en það er auðvitað eigenda og skipuleggjenda og seljenda lóða að finna form á því í samvinnu við sveitarstjórn.

### **Jóga.**

Nýtt námskeið hefst mánudaginn 17. janúar kl 20:00. Góðar æfingar, sem vinna að því að styrkja líkamann og viðhalda og auka liðleika, öndun og slökun. Á þriðjudögum kl. 18:00 verða tímar fyrir þá sem eldri eru. Rólegir og notalegir tímar. Allir hjartanlega velkomnir. Nánari upplýsingar og skráning hjá Aðalheiði í síma: 486-6777 eða 898-0677

**Hef til sölu vestfirskan harðfisk og skagfirskan hákarl. Upplýsingar í síma 867-3609  
Hjálmar**

### **Gítarnámskeið**

Gítarnámskeið hefjast 17 og 20. janúar í Gólf-skálanum á Seli.  
Kennsla fyrir byrjendur og lengra komna á öllum aldri.  
Upplýsingar í síma 821-2690(Sólmundur)

**Kvígur til sölu.  
Í Tungufelli eru til sölu nokkrar kvígur.  
Burðartími febr—mars.  
Upplýsingar í sínum 893-6723 og 661-0414**

### Opnunartími Bókasafns Hrunamanna

Mánudaga 20:00-21:00  
Þriðjudaga 16:00-18:00  
Miðvikudaga 16:00-18:00  
Fimmtudaga 16:00-18:00

Alltaf nýjar bækur og blöð

### ÞORRATILBOÐ

FÖRÐUNARVÖRUR MEÐ 10-25% AFSLÆTTI  
DAGANA 19. OG 20. JANÚAR 2005.  
FÓTSNYRTING MEÐ 15% AFSLÆTTI  
FRÁ 21.—31. JANÚAR.

### **VIOLA SNYRTISTOFA**

Högnastíg 1 Flúðir  
Sími: 566-8342

VIOLA snyrtistofa á Flúðum  
Eftirfarandi meðferðir eru í boði:

*Andlitsbað*

*Húðhreinsun*

*Litun og plokkun*

*Handsnyrting*

*Fótsnyrting*

*Förðun*

*Vaxmeðferðir*

*Tímappantanir í síma 566-8342  
og 897-3741(Hlíf)*

### **Skipulag slökkviliðs óbreytt.**

Um tíma benti allt til þess að breytingar yrðu á skipulagi slökkviliðsmála hér. Hreppsnefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps hefur ákveðið að bíða með skipulagsbreytingar um sinn a.m.k. Slökkviliðsmenn hér um slóðir hafa heimsótt íbúa og farið yfir öryggismál varðandi brunavarnir, endurnýjað rafhlöður í reykskynjurum og leiðbeint fólki. Afar vel er látið af þessari þjónustu og er vert að þakka forsvarsmönnum slökkviliðsins okkar fyrir þessa framgöngu sína og þjónustu.

### **Velheppnað baðstofukvöld**

S.l. föstudagskvöld var hér svokallað baðstofukvöld. Ýmislegt var sér til gamans gert en Jón Hermannsson á Högnastöðum sem er Guðfaðir þessa samkomuhalds stjórnaði kvöldinu. Þau feðginin Ingibjörg Aldís Ólafsdóttir og Ólafur B. Ólafsson sungu og léku. Í lok einsöngstónleikanna afhenti Ólafur sveitarstjóra gjafabréf sem innihélt lag og texta um Hrunamannahrepp en lagið og textinn voru einmitt frumfluttur á baðstofukvöldinu. Þeim feðginum voru færð blóm í þakklætisskini og fólk hvatt til að læra lag og texta fyrir næstu réttir.

### **Merkilegar tilraunir**

Guðmundur Magnússon, trésmíðameistari er að gera merkilegar tilraunir með nýtingu trjáviðar sem til fellur við grisjun. Nú er hann að saga niður sitkagrenitré sem gróðursett voru árið 1970. Úr bolunum sem ristaðir eru niður er búin til klæðning á hús. Hér er um mjög athyglisverðar tilraunir að ræða því alltaf fellur meir og meir til af trjáviði hér á landi sem nauðsynlegt er að nýta sem allra best. Þessar aðferðir eru aldagamlar þannig eru t.d. stafkirkjurnar í Norgei klæddar með trjáviði og líkist sú aðferð þeirri aðferð sem Guðmundur notar.

### Frá sundlauginni á Flúðum

#### Opnunartími

Mánudaga - föstudaga 17:00-21:30  
Laugard og sunnudaga 13:00-18:00

### Hrunamannahreppur

Skrifstofan er opin,  
frá kl 9-12 og 13-16.  
Mánudaga til föstudaga



## FLÚDALEIÐ ehf.

### Vöruflutningar

#### Ferðaáætlun

Alla virka daga

Frá: VM Flytjanda

Klettagörðum 15, kl: 15:00

Frá Selfossi kl: 16:00

Pálmar: 892-2370 Bílstjóri: 892-2371

Heimasími: 486-6685 Fax: 486-6693

Netfang: [fludal@hvippinn.is](mailto:fludal@hvippinn.is)



## **Hestaeigendur.**

Við óskum ykkur gleðilegs árs og þökkum samstarfið á liðnu ári. Erum að byrja með tamningar og þjálfun eftir haust og jólafrí. Nokkur pláss laus.

Kær kveðja

Kari og Gunnar Steinsholti

S: Kari 847-7627 Gunnar 867-8270

## VÖNDULL ehf.- FLUTNINGAÞJÓNUSTA

Daglegar ferðir FLÚÐIR- REYKJAVÍK – FLÚÐIR og nágr.

Vöruafgreiðsla í Rvk.

**ADALFLUTNINGAR ehf.**

Vatnagarðar 6, sími: 581-3030.

**Brottför frá Reykjavík: alla virka daga kl. 13:00**

**Á Selfossi hjá HÚSASM. og BYKO kl 14:00**

**Nánari upplýsingar: Jóh. Unnar Guðmundsson**

**Sími: 898-3741 Högnastíg 1 Flúðum**

## *Smárafréttir*

Sælir ágætu félagar, gleðilegt ár og takk fyrir samstarfið árinu.

Nú líður að því að fólk fari að taka hross á hús og sennilega einhverjir þegar komnir með eitthvað inn.

Í seinni hluta febrúar er stefnt á að hefja námskeið í tamningu og þjálfun sem Einar Öder og Svanhvít í Halakoti munu annast. Námskeiðið verður væntanlega með þeim hætti að byrjað verður á heimsókn í Halakot þar sem verður sýnikennsla og bóklegur tími. Síðan munu þau heimsækja okkur í nokkur skipti og leiðbeina hverjum þátttakenda fyrir sig. Hestarnir geta verið hvort sem er lítið tamdir eða fulltamdir og þáttakendur lítið vanir eða þaulvanir. **Mjög gott væri að þeir sem hefðu áhuga á þessu námskeiði hefðu samband við Helga í s: 8977623.**

Verður nánar auglýst þegar nær dregur.

Mótahald í vetur hefur verið ákveðið að gefnu góðu veðri, **fyrri punktamót laugardaginn 26. feb og það seinna 2. apríl og svo að sjálfsögðu firmakeppnin 1. maí.**

Hugmynd að dags. aðalfundar er 3 apríl en verður auglýst nánar síðar

Kveðja  
Stjórnin